

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Líneik Önnu Sævarsdóttur um áhrif sölu áfengis á framleiðslustað.

1. *Hver var niðurstaða lýðheilsumats á áhrifum laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað), sbr. umfjöllun í nefndaráliti á þskj. 1248 á 152. löggjafarþingi frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar?*

Í nefndaráliti meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar er því beint til ráðherra að embætti landlæknis verði falið að framkvæma lýðheilsumat á áhrifum breytinganna sem af lög-
gjöfinni leiddu og að farið verði í mótvægisáðgerðir er slíkt mat liggur fyrir. Dómsmála-
ráðuneytið bendir á að málefni er varða lýðheilsu og forvarnir, þar á meðal áfengis- og vímu-
varnir, heyra undir heilbrigðisráðuneytið, sbr. b-lið 5. tölul. 6. gr. forsetaúrskurðar um skipt-
ingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Er góðfúslega bent á að rétt sé
að beina fyrirspurninni til þess ráðuneytis.

2. *Hvaða mótvægisáðgerðir hefur verið farið í eftir lagabreytingarnar vegna forvarna og lýðheilsusjónarmiða?*

Sjá svar við 1. tölul. fyrirspurnar.

3. *Hvaða fyrirmæli hefur ráðherra sett í reglugerð varðandi hámarks magn drykkja sem heimilt er að selja í smásölu á framleiðslustað, sbr. 5. mgr. 5. gr. áfengislaga og um-
fjöllun í fyrrgreindu nefndaráliti?*

Í fyrrgreindu nefndaráliti er vísað til þess að rétt þætti að mæla fyrir um það að ráðherra
setji reglugerð um hámarks magn drykkja sem heimilt er að selja í smásölu á framleiðslustað
hverju sinni, í ljósi markmiða frumvarpsins og með hliðsjón af lýðheilsusjónarmiðum. Þá
væri eðlilegt að magntakmarkanir væru þær sömu og finna má í 4. gr. reglugerðar um ýmis
tollfríðindi, nr. 630/2008, sem mæla fyrir um að ferðamönnum sé heimilt að flytja tollfrjálst
inn áfengi, sbr. A-lið. Um er að ræða 1 lítra af sterku áfengi og 1 lítra af léttvíni, 3 lítra af
léttvíni eða 1 lítra af sterku áfengi eða 1,5 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli. Ráðherra hefur enn
sem komið er ekki sett fyrirmæli um hámarks magn drykkja sem heimilt er að kaupa.

4. *Hversu margir framleiðendur hafa fengið leyfi til þess að selja áfengi á framleiðslustað?*

Samkvæmt aðgengilegum upplýsingum á vef Stafræns Íslands, island.is, hafa tíu fram-
leiðendur fengið leyfi til smásölu áfengis á framleiðslustað.